



## Faghópur 3

### Fundargerð 1. fundar

RHA, Akureyri, 20. feb. 2009, kl. 9:00

**Mætt:** Kjartan Ólafsson (formaður), Daði Már Kristófersson, Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Hjalti Jóhannesson, Guðmundur Guðmundsson og Tómas Þór Tómasson sem skrifaði fundargerð.

**Forföll:** Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir

1. **Kynning.** Fundurinn hófst með því að viðstaddir kynntu bakgrunn sinn.
2. **Tilgangur og markmið.** Formaður gerði stutta grein fyrir tilgangi og markmiðum starfs faghópsins. Efni fundarins voru síðan umræður um hvernig hópurinn getur nálgast markmiðin. Meðal efnisatriða sem fram komu :
  - a. Jóhannes sagði frá skýrslu sem hann hefur unnið fyrir verkfræðistofu um líklegar virkjunarframkvæmdir næsta áratuginn.
  - b. Rætt var um hvort meta ætti bæði virkjunarframkvæmdirnar sem slíkar sem og notkun orkunnar eftir að virkjunarframkvæmdum lyki. Ljóst væri að stærri virkjunarframkvæmdir fara ekki af stað nema að sala raforkunnar sé tryggð. Stórnotendur kaupa nú um 80% raforkuframleiðslunnar. Hópurinn var sammála um að nauðsynlegt sé að spyrja hvað taki við eftir að byggingaframkvæmdum lýkur? Líta verður til áhrifa á samfélag, atvinnumál og byggðaþróun. Hafa ber í huga að samfélag tekur alltaf breytingum hvort sem virkjun rís eða ekki.
  - c. Fram kom að rétt væri að líta fremur til virkjunarsvæða en til einstakra virkjana. Einnig væri sjónarhornið misjafnt eftir því hvort litið væri til þjóðhagslegra áhrifa eða til nær-samfélaga virkjunarsvæðanna. Flutningskerfi orkunnar skiptir verulegu máli. Lagning flutningskerfa raforku kostar gífurlegt fé. Þessi kostnaður setur umfangi virkjunarsvæðanna takmörk og hvetur til notkunar orkunnar sem næst virkjunarsvæðum.
  - d. Þegar samfélagsáhrif eru metin er víst að það sem einum þykir jákvætt, finnst öðrum neikvætt. Í þessu samhengi er athyglisvert að skoða „andstæðurnar“ höfðuðborgarsvæðið og landsbyggðina.
  - e. Hópurinn var sammála um að almennt efnahagsástand skipti miklu máli þegar stærri virkjunarframkvæmdir eru í farvatninu. M.a. er rétt að skoða ýmis hliðaráhrif. Oft er t.d. rætt um „ruðningsáhrif“ stærri framkvæmda. Slík áhrif eru hverfandi þegar efnahagsástand er í uppsveiflu (og tilhneiging til að ofmeta þau) og atvinnustig hátt. Öfuga sögu er að segja í niðursveiflu. Það er rík krafa samfélagsins að búa ávallt við mikið orkuöryggi og lágt orkuverð.
  - f. Daði sagði stuttlega frá líkani sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hefur þróað og lýsir efnahagslegum áhrifum virkjunarframkvæmda. Í líkaninu eru margar breytur, mögulegt er að ákvarða umfang verkefnisins og kanna hver líkleg fjárhagsleg áhrif

verða. Borið er saman ástandið fyrir og eftir og líkleg áhrif í takt við umfang framkvæmdanna. Líkanið með tiltölulega fáum breytum getur komið að notum í starfi hópsins en tekur þó aðeins til einnar víddar af mörgum.

- g. Daði lagði áherslu á að umhverfisáhrif gætu haft mikil þjóðhagsleg áhrif.
  - h. Meginverkefni hópsins mun snúa að tveimur lykilsurningum. A) Efnahagslega er spurt „Skilar framkvæmdin peningum eða ekki?“ b ) Samfélagslega nálgunin byggir á svörum við spurningunni „Skilar framkvæmdin meiri möguleikum og/eða betra samfélagi?“
3. **Matsþættir – viðföng.** Fyrir næsta fund skal að leggja áherslu að velta upp matsþáttum sem verða leiðarstef í starfi hópsins. Hver meðlimur skal safna saman öllum þeim þáttum sem þeir telja að hópurinn skuli/geti tekið afstöðu til. Líta skal m.a. til félagslegra, samfélagslegra og efnahagslegra þátta. Hópurinn mun síðan skoða allar tilögur og velja þá þætti sem taldir eru veigamestir þannig að settur verði saman tiltölulega stuttur listi með lykilþáttum sem fara munu fyrir í matsferlinu. Meðlimir voru hvattir til að kasta hugmyndum milli hvers annars þannig að vinnan við „stutta“ listann gæti hafist á næsta fundi,
  4. **Vettvangsferð.** Fram kom vilji hópsins að fara í vettvangsferð til að kynna virkjunum og lagði formaður fram hugmynd um að heimsækja Laxárvirkjun og Kröflu.
  5. **Heimasíðan.** Starfsmaður kynnti meðlimum hópsins heimasíðuna og lagði áherslu á að vinnusvæði hópsins yrði virkjað sem kostur væri.
  6. **Næsti fundur** var ákveðinn á Akureyri þann 6. mars kl. 9:00.